**Ed.** **808. Frumvarp til laga** [341. mál]

um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. mars.)

Samhljóða þskj. 595 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 21. gr. laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem taka skulu gildi 1. janúar 1988, skulu þau ákvæði, sem breytingum taka með þeim lögum, önnur en 1. tölul. E-liðs 1. mgr. 30. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða I, sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þessara laga, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu skatta á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

7. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 9. gr. laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu þau ákvæði, sem breytingu tóku með þeim lögum, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu útsvars á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987.